



## Tillaga að umsagnar- og samþykktarferli fyrir Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi

Svæðisráð Áfangastaðaáætlunar hefur rætt um samþykktarferli fyrir Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi.

Svæðisráðið telur æskilegast að öll sveitarfélögin á Vesturlandi samþykki Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi formlega áður en áætlunin er afhent Ferðamálastofu.


Horft hefur verið til þess ferlis sem var um gerð Samgönguáætlunar fyrir Vesturland, þar sem öll sveitarfélög SSV samþykktu þá áætlun.

Svæðisráð Áfangastaðaáætlunar DMP á Vesturlandi vill því fara þess á leit við sveitarfélögin á Vesturlandi, að þau taki Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi til umfjöllunar og gefi umsögn um efnistöð og áherslur í vinnsluferlinu og samþykki síðan lokaskjalið áður en það verður afhent Ferðamálastofu.

Svæðisráð Áfangastaðaáætlunar leggur til eftirfarandi umsagnar- og samþykktarferli sveitarfélaganna á Vesturlandi, fyrir Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi 2018-2020:

- **14. feb.:** Drög að Áfangastaðaáætlun DMP verði send út til allra sveitarstjórna innan SSV og óskað eftir umsögn og athugasemdum varðandi áherslur og efnistöð áætlunarinnar fyrir **28. feb. 2018**.
- **21. mars:** Aðalfundur SSV - Umsagnir og athugasemdir frá sveitarfélögunum verði kynntar og ræddar, auk þess sem farið verður yfir helstu áherslupætti og efnistöð í fyrirliggjandi drögum að Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi og þau rædd á fundinum.
- **18. apríl:** Drög að lokaútgáfu Áfangastaðaráætlunar DMP á Vesturlandi 2018-2020 verði kynnt stjórn SSV, og þau tekin til umræðu og efnislegrar samþykktar á stjórnarfundum.
- **20. Apríl:** Lokaútgáfa af Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi 2018-2020 verði send út til samþykktar í öllum sveitarstjórnnum SSV.
- Óskað verði eftir formlegu samþykki hvers sveitarfélags innan SSV í síðasta lagi **27. apríl**.
  - Samþykki sveitarfélaganna snýr að efnistöðum, áherslum og aðgerðaáætlun sem sett er fram í Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi 2018-2020.
  - Samþykki sveitarfélaganna er áheit um að sveitarfélögin muni stuðla að framgangi umræddrar Áfangastaðaáætlunar DMP á Vesturlandi 2018-2020.
  - Samþykki sveitarfélaganna staðfestir vilja þeirra til að umrædd áætlun verði afhent Ferðamálastofu sem formleg opinber Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Vesturlandi 2018-2020

### Umsagnar- og samþykktarferli Áfangastaðaáætlunar DMP á Vesturlandi 2018-2020



**Svæðisráð Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi óskar hér með eftir að sveitarfélög á Vesturlandi samþykki ofangreint umsagnar- og samþykktarferli Áfangastaðaáætlunar DMP á Vesturlandi.**

12.12.2017 f.h. Svæðisráðs Áfangastaðaáætlunar DMP á Vesturlandi

Margrét Björk, verkefnisstjóri.